

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Sigurðsson, greiði stefnanda, Brandi Brynjólfssyni, kr. 30.000.00 með 12% ársvöxtum frá 23. október 1965 til greiðsludags, kr. 557.00 í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 7.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. janúar 1968.

Nr. 20/1967. **Friðþjófur Ó. Jóhannesson**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Stefáni Franklín og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ömerking. Frávísun. Vanreifun. Sjó- og verzlunardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 17. febrúar 1967, gerir þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 68.746.43 með 7% ársvöxtum frá 8. marz 1962 til greiðsludags, kr. 9.300.00 í málskostnað í héraði svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í héraðsstefnu byggir gagnáfrýjandi kröfur sínar á því, að hann hafi hinn 8. marz 1962 selt aðaláfrýjanda 20.700 kg af frystri loðnu fyrir samtals kr. 81.844.00. Loðnuna hafi hann sama dag sent aðaláfrýjanda með skipi frá Reykjavík til Patreksfjarðar og greitt farmgjald og feringarkostnað, samtals kr. 10.084.80. Hinn 10. janúar 1963 hafi aðaláfrýjandi ritað honum bréf, þar sem segir: „Þegar að loðnuvertið líður, mundu þá eftir að ráðstafa þeim ca. 16 lestum, sem þú átt hér“. Kveðst gagnáfrýjandi þá hafa selt nafngreindum

manni á Patreksfirði það loðnumagn, sem var í vörzlum aðaláfrýjanda, en það hafi reynzt aðeins 930 kg. Krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda nú um verð loðnunnar svo og farmgjald og fermingarkostnað, samtals kr. 91.938.80, að frádregnum kr. 19.439.87, sem aðaláfrýjandi hafi greitt vegna hans, og andvirði fyrrgreindra 930 kg af loðnu, kr. 3.673.50, eða alls kr. 68.746.43.

Aðaláfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Hér fyrir dómi hefur komið fram skýrsla frá honum, þar sem hann lýsir því, að hann hafi hvorki keypt loðnu þessa af gagnáfrýjanda né tekið að sér geymslu hennar. Hins vegar muni hlutafélag eitt á Patreksfirði hafa tekið að sér geymslu loðnu þessarar fyrir gagnáfrýjanda.

Fyrir héraðsdómi kom hvorki fram skýrsla gagnáfrýjanda um viðskipti þessi né skýring á því, með hvaða heimild hann teldi sig hafa selt þriðja aðilja hluta af vörum þessum, eftir að hann taldi sig hafa selt aðaláfrýjanda þær allar.

Málatilbúnaður og málsreifan af hendi gagnáfrýjanda var af framangreindum ástæðum svo áfátt, að héraðsdómari mátti eigi taka málið til úrlausnar að efni til.

Af gögnum málsins má ráða, að aðiljar báðir reka útgerð og verzlunarviðskipti. Mál þetta hefur verið rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en samkvæmt ákvæðum 200. gr. laga nr. 85/1936 skal reka fyrir sjó- og verzlunardómi mál um efni slík, sem hér um ræðir.

Með tilvísun til framanritaðs verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. marz s.l., hefur Stefán Franklín, Hamarshúsinu, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu,

birtri 5. febrúar 1966, gegn Friðþjófi Ó. Jóhannessyni, Urðargötu 2, Patreksfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 68.825.43 með 7% ársvöxtum frá 8. marz 1962 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefnu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að samkvæmt reikningi, dags. 8/3 '62, að fjárhæð kr. 91.938.80, hafi stefndi keypt af stefnanda loðnu, samtals 20.720 kg. á kr. 3.85 pr. kg., eða kr. 81.844.00 að viðbættu flutningsgjaldi, kr. 8.288.00, og útskipunar- og vörugjaldi, kr. 1.806.80. Frá skuldinni kveður stefnandi, að eigi að dragast kr. 19.439.37 og 3.673.50. Standi þá eftir stefnufjárhæðin.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 9.300.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Friðþjófur Ó. Jóhannesson, greiði stefnanda, Stefáni Franklín, kr. 68.825.43 með 7% ársvöxtum frá 8. marz 1962 til greiðsludags og kr. 9.300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
